KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

**Umboðsmaður kröfuhafa og**

**Hagar hf.**
**b.t. Finnur Árnason**
**Hagasmára 1,**
**201 Kópavogur**

16. október 2019

**Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar kvaðir skv. 5.3 gr. samnings við staðfestingaraðila í tengslum við verðtryggða skuldabréfaútgáfu**

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags. 2. október 2019, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar kvaðir, dags. 2. október sl.

Útgefandi hefur framkvæmt útreikning á fjárhagslegum kvöðum sbr. skýrslu þessa um fjárhagslegar kvaðir m.v. 2. október sl.

Þann 2. október voru fjárhagslegar kvaðir eftirfarandi:

**Vaxtaþekja**
EBITDA 12 mánaða tímabils frá 1.6.2018 – 31.5.2019 nam 5.331 m.kr. Á sama tímabili námu vaxtagjöld 695 m.kr. Vaxtaþekja tímabilsins telst því vera 7,67 en samkvæmt kvöðum í skuldabréfaflokki HAGA021029 ber vaxtaþekju að vera eigi lægri en sem nemur 2.

**Eiginfjárhlutfall**
Þann 31.5.2019 nam eigið fé Haga 24.391 m.kr. Samtala efnahagsreiknings sama dag nam 61.469 m.kr. Eiginfjárhlutfall Haga er því 39,7%. Samkvæmt kvöðum í skuldabréfaflokki HAGA021029 ber eiginfjárhlutfall að vera eigi lægra en sem nemur 25%.

*Samkvæmt ofangreindu uppfylltir útgefandi báðar fjárhagslegu kvaðirnar.*

Ekki ber að staðfesta lánaþekju við upphaf en í 2. mgr., 5.1 gr. Veðhafa- og veðgæslusamkomulagi segir að einungis skuli staðfesta lánaþekju skv. a) lið, 1. mgr. 5.1 gr. sama samkomulags þegar um er að ræða breytingar á veðum samkvæmt gr. 7, og þá einungis þegar mat á nýja veðinu fer fram við breytinguna en ekki eftir að breytingin hefur átt sér stað. Því er engin staðfesting á lánaþekju.

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhaglsegum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar kvaðir því staðfest.

Fyrir hönd staðfestingaraðila

**KPMG ehf.**

Helga Harðardóttir

KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative („KPMG International"), svissnesku samvinnufélagi.

Reykjavík, Akranes, Akureyri, Blönduós, Borgarnes, Dalvík, Egilsstaðir, Hafnarfjörður, Hella, Hornafjörður, Reyðarfjörður, Reykjanesbær, Sauðárkrókur, Selfoss, Skagaströnd, Stykkishólmur, Vestmannaeyjar